

Nefndasvið Alþingis  
b.t. atvinnuveganefndar  
Austurstræti 8–10  
101 Reykjavík



Reykjavík 10. maí 2019.

**Efni: Umsögn um 784. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007, með síðari breytingum (stjórnvaldssektir og eftirlit með gististarfsemi). – Viðbótarumsögn**

Samtök ferðaþjónustunnar (samtökin) vilja koma á framfæri eftirfarandi ábendingu varðandi ofangreint frumvarp sem ekki var vakin athygli á í fyrri umsögn.

Samtökin harma að ekki hafi verið gengið það skref sem drög að umræddu frumvarpi fólu í sér og miðuðu að því að þinglýst eignarhald væri skilyrði skráningar heimagistingu. Þá gildi það einu hvort sem um væri að ræða framboðna gistingu á lögheimili viðkomandi aðila eða aðra eign sem hann hefur persónuleg afnot af. Ljós er að fyrrgreind leið hefði komið í veg fyrir svokallaðar „gervilögheimilisskráningar“. Það er skýlaus krafa samtakanna að löggjafinn finni leið sem kemur í veg fyrir slíkar skráningar og hindri að stórtækir aðilar geti starfað óáreittir á svörtu svæði innan heimagistingar.

Það er ósk samtakanna að þessi ábending verði atekin til greina af atvinnuveganefnd og áskilja samtökin sér jafnframt rétt til að koma með frekari ábendingar á síðari stigum sé þess þörf.

F.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar

*Gunnar Valur Sveinsson*